

Sjá roðann í austri

Bókahöfundur: **Snorri G. Bergsson**, M.A. í sagnfræði

Bókarheiti: **Roðinn í austri. Alþýðuflokkurinn, Komintern og kommúnistahreyfingin á Íslandi 1919-1924.**

Gagnrýnandi: **Kjartan Emil Sigurðsson**, stjórnmálafræðingur.

Útgáfa: **Bókafélagið Ugly, Reykjavík 2011, 390 bls.**

Í umsögn gagnrýnenda kemur meðal annars eftirfarandi fram:

„Mikil umræða hefur verið að undanfögnu um sögu kommúnismans og sögu kalda stríðsins. Bók Snorra er framlag til hins fyrrnefnda sem sé sögu kommúnismans og sósíalismans á Íslandi. Óhætt er að láta það koma fram að Snorri er hægra megin við miðju í litrófi stjórnmálanna og þess vegna falla skrif hans í flokk með skrifum fræðimanna á borð við Hannes Hólmstein Gissurarson og Þór Whitehead.“

Fyrri bindi lofar góðu

“Sjá roðann í austri/hann brýtur þau bönd...” er byrjunin á kvæðinu þangað sem Roðinn í austri sækir titill sinn. Hér er um að ræða fyrri bindi af tveimur en alls mun rannsóknin ná til ársins 1930, eins og kemur fram í Eftirmála Roðans. Þetta fyrri bindi Roðans rekur afskipti þeirra Ólafs Friðrikssonar og Hendriks Ottóssonar að málefnum yst á vinstri væng stjórnmála á Íslandi á árabílinu 1919-1924. Henni lýkur þar sem afskiptum þeirra tveggja lýkur af starfsemi kommúnista og sósíalista. Á forsíðu bókarinnar er prentuð ljósmynd þar sem greina má Ólaf Friðriksson flytja ræðu. Miðlægt í rannsókninni er hið svo kallaða drengsmál sem fjallaði um Nathan Friedmann sem Ólafur vildi skjóta skjólshúsi yfir hér á landi. Afar mikilvægt er að drengsmálinu skuli loksins vera gerð þau skil sem hér má finna.

Ágalli er á bók Snorra, kenndan við nafna sinn frá hámiðöldum Sturluson, að mikið af lesefni má finna í neðanmálgreinum. Hvítleitt er að þurfa ótt og títt að lesa þær fjölmörgu athugasemdir sem Snorri setur í neðanmálgreinar. Vonandi mun seinna bindið gera bragabót hér á. Einnig má finna að því að Snorri skilgreinir ekki hvað átt sé við með orðum eins og “Moskvuvaldið” og “Moskvumenn”, en hið fyrri kemur margítrekað fram í textanum. Þetta er þeim mun bagalegra af því að “Moskva” kemur fram í öðru samhengi, svo sem “Moskvutesurnar”, sem Skafti Ingimarsson kallar “Moskvusetningarnar” í splunkunýrri Viðhorfsgrein í Sögu. Tímariti Sögufélags.

Mikil umræða hefur verið að undanfögnu um sögu kommúnismans og sögu kalda stríðsins. Bók Snorra er framlag til hins fyrrnefnda sem sé sögu kommúnismans og sósíalismans á Íslandi. Óhætt er að láta það koma fram að Snorri er hægra megin við miðju í litrófi stjórnmálanna og þess vegna falla skrif hans í flokk með skrifum

fræðimanna á borð við Hannes Hólmstein Gissurarson og Þór Whitehead. Aðrir sem hafa látið sig þetta varða í opinberum skrifum af samtímamönnum eru þau: Ingibjörg Sólrún í Kabúl, Árni Snævarr í Brüssel, Svanur Kristjánsson, prófessor í stjórnmálafræði, og Jón Ólafsson prófessor á Bifröst, að ógleymdum Arnóri Hannibalssyni fyrrverandi prófessor í heimspeki og Ragnheiði Kristjánsdóttur við Háskóla Íslands. Skemmst er að minnast nýlegs fundar um bækur um skyld efni eftir þá Hannes Hólmstein og Þór Whitehead, sem voru gangrýndar af Guðna Th. Jóhannessyni, sem líka hefur birt bók um skyld efni, Skafta Ingimarssyni doktorsnema í sögu Kommúnistaflokks Íslands, Ragnheiði Kristjánsdóttur og Jóni Ólafssyni.

Telja má að með ólíkindum sé að smáflokksbrot eins og Kommúnistaflokkur Íslands var skuli fá svona mikla athygli fræðimanna. Kannski eru þetta eftirhreytur af þeirri staðreynd að eftir lok kalda stríðsins hafnaði Morgunblaðið, sem má muna sinn fífil fegri, því að gera upp sögu kalda stríðsins á Íslandi. Kommúnisminn, sósíalisminn og kalda stríðið eru að einhverju leyti skyld efni, enda var hið síðastnefnda hugmyndafræðileg barátta milli annars vegar kommúnisma (sameignarstefnu); og hins vegar markaðsbúskapar/séreignastefnu.

Snorri eltir ólar við ýmsar villur sem koma fram í skrifum annarra fræðimanna sem nefndir eru hér að ofan. Roðinn er stútfull af staðreyndum um efni máls og má maður hafa sig allan við að fylgja frásögninni. Stundum eru stílbrögð Snorra til mikillar fyrirmyndar, en þó eru á því undantekningar sem ekki verða rifjaðar upp. Bíð spenntur eftir næsta bindi enda koma lofar byrjunin góðu.